

Hafnargata 27a athugasemdir viðbrögð

Athugasemdir inntak:

Ævar Ingi Guðbergsson og Svava Sigurðardóttir

Ekki kemur fram neitt varðandi afturhlið hússins að H27a, það kemur einnig ekki fram hvar lyftuhús mun koma upp úr þaki hússins og svo möguleg útfærsla á útliti framhliðar hússins

Dagmar María Guðrúnardóttir

ekkert kemur fram með bakhlið hússins að hafnargötu 27a, einnig ekki hvar lyftuhúsið mun koma og líka MÖGULEGA útfærslu er ekki nógu gott,

Hússtjórn Hafnargötu 29

engar athugasemdir við fyrirhugaða breytingu á útliti byggingar að Hafnargötu 27. Óskað er eftir kynningu á nýtingu jarðhæðar sjávarmegin sérstaklega og með tilliti til aðkomu og umferðar ökutækja. Einnig er minnt á þrautar umræðu um aðkomu að umræddum byggingum sem og almennu skipulagi að og með sjávarhlið húsa á umræddu svæði við Hafnargötuna.

Agnar Guðmundsson

okkur langar að lýsa yfir því að okkur lýst mjög vel á breytingar sem kynntar eru.

Viðbrögð:

Erindið er skýrt og framsetning fullnægjandi svo þeir sem eiga hagsmuna að gæta geti gert sér grein fyrir umfangi breytinga og hvort fyrirhugaðar breytingar gætu mögulega skaðað þeirra hagsmuni. Það er eðlilegt að hönnun sé ekki lokið áður en heimild sveitarfélagsins til breytinga liggur fyrir. Engin andmælenda sýnir fram á að hagsmunir þeirra eða annarra hagaðila á svæðinu skerðist á nokkurn hátt með fyrirhugaðri breytingu t.d. hvað varðar starfsemi í húsinu, fjölda íbúa, bílastæða, skuggavarps eða innsýnar.